



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 28. október 2013
1310035 IE

Efni: Umsögn um frv. til laga um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2014 (verðlagsbreytingar o.fl.), 3. mál, þskj. nr. 3.

Með tölvubréfi dags. 10. október 2013 barst Jafnréttisstofu beiðni frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um umsögn um frv. til laga um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2014 (verðlagsbreytingar o.fl.), 3. mál, þskj. nr. 3. Jafnréttisstofa hefur ekki haft tæk á að fara ítarlega yfir alla liði frumvarpsins en telur þó ástæðu til að nefna nokkur atriði:

Almennar athugasemdir.

Jafnréttisstofa leggur áherslu á að allir liðir sem breytingar eru lagðar til á verði skoðaðir með það fyrir augum hvort áhrif fyrirhugaðra breytinga komi með ólíkum hætti við konur og karla. Í samræmi við kenningar um kynjaða fjárlagagerð og hagstjórn er nauðsynlegt að slík greining fari fram til þess að ljóst sé að sameiginlegum fjármunum sé ráðstafan þannig að þeir nýtist sem best fyrir alla og að kynjm sé ekki mismunað. Sama á við um álögur, þ.e. skattar og gjöld eiga ekki að gera stöðu kynjanna ójafnari, heldur ætti fremur gera breytingar, þar sem að á við, til að gera stöðu kynjanna jafnari. Slíkt er enda í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnréttisstofa bendir til fróðleiks á bæklinginn *Kynjakrónur*, sjá hér: http://www.jafnretti.is/D10/Files/Kynjakronur_bokin.pdf

Athugasemdir við einstaka liði.

17. gr. frv. um að stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki minnkaður. Þetta er liður sem þarf að skoða með tilliti til kynjanna. Bæði þarf að skoða beinar og óbeinar afleiðingar. Kemur breytingin, að lækka skattafrádrátt í tilteknum aðstæðum, sjá frv., úr 20% í 15%, niður á kynjunum með sama, svipuðum eða ólíkum hætti? Nauðsynlegt að vita þetta, ekki síst til samanburðar við aðrar aðgerðir.

24. – 28. gr. frv. um breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Jafnréttisstofa telur það mjög miður að horfið sé frá því að lengja fæðingarorlof í 12 mánuði. Fæðingarorlof á Íslandi er styttra en í flestum þeim löndum sem við venjulega berum okkur saman við og Ísland er ekki lengur í þeim fararbroddi hvað fæðingarorlof varðar sem áður var. Jafnréttisstofa hvetur til þess að fæðingarorlof verði lengt í 12 mánuði hið allra fyrsta.



Jafnréttisstofa

Varðandi hækkun hámarksgreiðslna úr kr. 350.000 í kr. 370.000 þá fagnar Jafnréttisstofa því að hækka eigi greiðslurnar. Hins vegar telur Jafnréttisstofa að hækkun um kr. 20.000 dugi hvergi nærri til við að snúa við þeirri þróun varðandi töku fæðingarorlofs sem þegar hefur átt sér stað. Sjá t.d. fréttáflutning frá því í síðustu viku um að færri feður taki fæðingarorlof en áður, sjá hér: <http://www.visir.is/fedur-taka-sidur-faedingarorlof/article/2013710239929> Jafnréttisstofa leggur til að leitað verði allra leiða til að hækka greiðslurnar töluvert meira en um þessi 20.000 sem lagt er til. Sú fjárhæð er of lág til þess að leiða til viðsnúnings á þeirri neikvæðu þróun á töku fæðingarorlofs sem orðið hefur eftir hrun.

30.gr. frv. um niðurfellingu á greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði til fiskvinnslufyrirtækja vegna fiskvinnslufólks. Í þessu samhengi bendir Jafnréttisstofa á nauðsyn þess að kanna vel hvort þessi aðgerð kemur niður á eða snertir kynin með ólíkum hætti. Fiskvinnslufólk í landi er flest konur, þannig að verið getur að þessi aðgerð komi verr við konur en karla. Ef svo er má velta því upp hvort ekki væri hægt að ná fram sambærilegri hagræðingu með einhverjum þeim hætti sem ekki snertir annað kynið hlutfallslega verr en hitt.

Sé óskað frekari upplýsinga þá veitir undirrituð þær fúslega.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Elíasdóttir
lögfræðingur